

## SAMSKIPTA- OG MIÐLUNARSTEFNA

Úrvinnslusjóður skapar hagræna hvata sem stuðla að hringrásarhagkerfi, með áherslu á verðmætasköpun og umbreytingu úrgangs í hráefni. Meginverkefni sjóðsins er að draga úr sóun með því að koma í veg fyrir myndun úrgangs og auka endurnotkun, sem og að stuðla að bættri meðhöndlun úrgangs með endurvinnslu og annarri endurnýtingu.

Gildi sjóðsins eru framþróun, samvinna og gæði.

Stefna um samskipti og miðlun birtir áherslu stjórnar Úrvinnslusjóðs á markvissa upplýsingamiðlun og góð samskipti í starfseminni. Gagnsæi, traust, trúverðugleiki og aukin vitund almennings um hlutverk og tilgang sjóðsins og mikilvægi hans í hringrásarhagkerfinu eru leiðarljós í upplýsingamiðlun, fræðslu og samskiptum við ytri aðila.

Stefnan tekur til samskipta innan stofnunar og utan, við samningsaðila, aðra viðskiptavini og hagaðila, fjölmiðla og almenning.

### Stefna:

#### Miðlun og fræðsla

1. Miðlun og fræðsla af hálfu Úrvinnslusjóðs eru mikilvægur þáttur í að vinna að hringrásarhagkerfi og umhverfislegum ávinningi af úrgangsméðhöndlun.
2. Upplýsingamiðlun er virk og fjölbreyttar miðlunarleiðir nýttar. Vefurinn [urvinnslusjodur.is](http://urvinnslusjodur.is) er opinber gátt sjóðsins og er stefnt að því að hann sé lifandi, upplýsandi og nýtist ólíkum haghópum. Viðvera á samfélagsmiðlum styður við virkni vefsins og starfsemi sjóðsins almennt.
3. Lögð er áhersla á gagnsæi, skýrleika og einfaldleika í miðlun upplýsinga. Upplýsingar eru hnitmiðaðar, áreiðanlegar, tímanlegar, viðeigandi og í samræmi við gildi sjóðsins.
4. Auk þess að sinna lögbundnu fræðsluhlutverki sínu vegna söfnunar á einnota plastvörum á víðavangi, nýtir sjóðurinn fræðslu og upplýsingamiðlun til að ná þeim markmiðum sem honum eru sett, s.s. varðandi árangur í söfnun og endurvinnslu. Í því skyni hefur starfsfólk frumkvæði að og tekur þátt í samstarfi við hagaðila um fræðslu og miðlun, eftir því sem við á.
5. Leitast er við að bregðast við röngum eða villandi upplýsingum í opinberri umræðu um sjóðinn og starfsemina. Ákvarðanir þar að lútandi eru teknar af framkvæmdastjóra /stjórnarformanni hverju sinni.

#### Samskipti og samvinna

6. Sjóðurinn leggur áherslu á virk og góð tengsl við hagaðila, þ.m.t. fagráðuneyti og önnur ráðuneyti, stofnanir, sveitarfélög, þjónustuaðila sjóðsins og samtök, og hefur samráð og samstarf við þá um mikilvæga þætti eftir því sem við á, þ.m.t. um fræðslu og miðlun.
7. Samskipti einkennast af fagmennsku, trúnaði og jákvæðni.
8. Fyrirspurnum og erindum er svarað svo fljótt sem auðið er.
9. Formleg samskipti við stjórnvöld og fjölmiðla eru í höndum framkvæmdastjóra og stjórnarformanns nema annað sé ákveðið, í samræmi við ákvæði í starfsreglum stjórnar Úrvinnslusjóðs.

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á samskipta- og miðlunarstefnu. Til að tryggja að stefnan nái fram að ganga skal gera miðlunaráætlun til árs í senn. Samskiptastjóri ber ábyrgð á gerð og eftirfylgni áætlunarinnar í samvinnu við framkvæmdastjóra og starfsmenn. Starfsmenn bera hver um sig ábyrgð á að samskipti við ytri aðila séu í anda þessarar stefnu og þeirra áætlana sem gerðar eru til að framfylgja henni.

Stefnan skal yfirfarin og endurskoðuð á tveggja ára fresti eða oftár ef aðstæður krefjast.

*Samþykkt af stjórn Úrvinnslusjóðs 31. október 2024*